

**Sp.**

**51. Fyrirspurnir.**

[50. mál]

I. Til fjármálaráðherra um aldurshámark starfsmanna ríkisins.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hinn 5. mars 1981 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi tillaga til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og að setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum?“

Hvað líður framkvæmd þessarar tillögu?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um réttindi sjúkrannuddara.

Frá Helga Seljan.

Hver er staða sjúkrannuddara í heilbrigðiskerfinu í dag og hvaða horfur eru á breytingum varðandi réttarstöðu þeirra?